

Alþingi, nefndasvið  
Netfang: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Efni:** Umsögn Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur), 149. löggjafarþing 2018-2019, þingskjal 434 — 356. Mál.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar styður frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitastjórna. Þessi breyting er í samræmi við þá stefnu sem Reykjavíkurborg hefur þegar markað í skóla- og frístundastarfi en barnasáttmálinn er grundvöllur hennar. Í 12. grein sáttmálans segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.“

Nýverið var samþykkt ný menntastefna hjá Reykjavíkurborg en andi hennar styður við þessa breytingu. Menntastefnan var samþykkt í nóvember 2018 og unnin í samstarfi við þúsundir borgarbúa. Eitt af aðal leiðarljósum stefnunnar er virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi. Áhersla er lögð á gagnrýna hugsun, félagsfærni og lýðræðisleg vinnubrögð þar sem börn fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Með virkri lýðræðiskennslu öðlast börn færni í því að móta samfélagið sem þau tilheyra. Í lagafrumvarpinu er mikilvægi lýðræðisfræðslu til fyrstu kjósenda ávarpað verði kosningaaldur lækkaður og þykir innleiðing á menntastefnunni vera gott verkfæri til að veita þá fræðslu sem þörf er á.

Önnur breyting hjá Reykjavíkurborg þessu efni tengd eru breytingar á kosningaaldri í íbúalýðræðisverkefninu *Hverfið mitt*. Í samráði við ungmennaráð Reykjavíkur var ákveðið að lækka kosningaaldurinn í verkefninu úr 16 ára niður í 15 ára og var þar stigið stórt skref í þá átt að auka áhrif ungs fólks á nærumhverfi sitt. Frá því að verkefnið hóf göngu sína árið 2011 hefur kosningaaldurinn verið 16 ár.

Að lokum lýsum við yfir ánægju með þann tíma sem gert er ráð fyrir að sé til undirbúnings því það gefur færi á að vanda alla framkvæmd. Líkt og nefnt er undir hlutanum *Fræðsla* í ábendingum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í frumvarpinu getur hegðun fólks í fyrstu kosningum slegið tóninn varðandi það hvort fólk nýti sér kosningarréttinn í framtíðinni.

#### **Viljum vekja athygli á eftirfarandi:**

Í undirkaflanum *Réttindi og skyldur barna* er notast við orðalagið forsjárforeldrar annars vegar og foreldrar hins vegar. Við leggjum til að þessum orðum verði skipt út fyrir orðið forsjáraðilar. Þannig verði komið til móts við allar fjölskylduaðstæður sem kunna að vera til staðar.